



Áveitan

9. tbl. 18. árgangur. September 2024

Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju

Þjóðbúningamessa verður haldin í Villingaholtskirkju sunnudaginn 6. október n.k. kl. 14.00.

Eftir messu verður messukaffi, Pálínuboð, í félagsheimilinu Þjósárveri þar sem allir eru beðnir um að koma með veitingar með sér til að setja á sameiginlegt kaffiborð. Sóknarnefnd býður upp á kaffi, te og djús.

Allir eru hjartanlega velkomnir og hvetjum við alla sem eiga þjóðbúninga til að mæta í þeim til messu. Prestur verður sr. Guðbjörg Arnardóttir. Guðmundur Eiríksson verður organisti og kór Hraungerðis- og Villingaholtskirkna leiða söng.

Við hlökkum til að sjá ykkur.

Sóknarnefndin



Frá Þjóðbúningamessu í Villingaholtskirkju 2023. Mynd Heimir Hoffritz

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Kæru lesendur Áveitunnar



Nú er öll starfsemi sveitarfélagsins að komast í fastar skorður eftir sumarið. Skrifstofa sveitarfélagsins opnaði 6. ágúst eftir sumarlokun, leikskólinn Krakkaborg tók við nemendum sínum í sömu viku og Flóaskóli var svo settur 23. ágúst.



Útleiga á félagsheimilum hefur verið með besta móti í sumar og hafa það helst verið ættarmót, hópar í gistingu, brúðkaup og aðrar veislur.

Vegagerðin vinnur að haustheflun í sveitarfélaginu en ljóst er að vegir eru víða í slæmu ástandi. Sveitarstjórn mun funda með forstjóra Vegagerðarinnar og svæðisstjóra Vegagerðarinnar á Suðurlandi í september og fara yfir helstu vegi og öryggisþætti sem sveitarstjórn telur ábótavant.

Sveitarstjóri sótti fund með forstjóra og starfsmönnum RARIK í ágúst þar sem var meðal annars rætt um mikilvægi á jöfnun raforkukostnaðar, raforkuöryggi í sveitarfélaginu og fleira.

Byggðastofnun heimsótti sveitarstjórn á dögnum og fór yfir helstu málefni sem stofnunin sinnir og hvaða möguleika Flóahreppur getur nýtt á vegum Byggðastofnunar.

Frá september mun sveitarstjórn funda tvisvar sinnum í mánuði í stað þess að funda einu sinni og verður fundum nú einnig streymt beint. Íbúar og áhugasamir geta nálgast hlekk fyrir streymi á heimasíðu Flóahrepps fyrir hvern fund.

Töluvert hefur verið um nýtingingar við vatnsveituna í sumar og verður áfram í haust. Samhliða nýtingingum stendur til að fara í fjárfestingar í veitunni með styrkingum og undirbúningi á breytingu á eldri lögn sem liggur með þjóðvegi 1.

Við minnum á að hleðslustöðvar eru aðgengilegar og opnar almenningi við Þjórsárver og Þingborg og hvetjum við til notkunar á þeim.

Í ágúst var tunnum fyrir textíl komið fyrir við grenndargáma hjá félagsheimilunum Þingborg og Félagslund. Mikilvægt er að ganga vel um grenndargámanna og ekki bæta textíl í tunnurnar ef ekki er hægt að loka þeim alveg. Umgengni um gáma fyrir gler og málma hefur verið mjög góð og nýta íbúar þá töluvert.

Í september mun sveitarfélagið byrja að bjóða upp á mat fyrir eldri íbúa þar sem möguleiki verður á að panta mat ákveðna daga. Hægt verður að velja um að sækja mat í mótuneyti Flóaskóla í Þjórsárveri eða borða á staðnum. Gjald fyrir máltíðir fer eftir samþykktu gjaldskrá. Skráningar munu fara í gegnum ritara Flóahrepps, anna@floahreppur.is, eða í síma 480-4370 á opnunartíma skrifstofu. Það verður í boði að skrá sig á ákveðna daga, frá 1x í viku og upp í 5x í viku þá daga sem nemendur Flóaskóla eru í skólanum. Allir íbúar sem eru 67 ára og eldri munu fá sent bréf heim þar sem þetta verður kynnt betur.

Áfram er unnið að sameiginlegri atvinnustefnu fyrir Flóahrepp, Árborg og Hveragerði og stendur til að halda íbúafund fljótlega þar sem mikilvægt er að sem flestir komi og taki þátt. Það er hagur okkar allra að sem flestir komi með sín sjónarmið inn í svona vinnu til að stefnan verði markviss og henti okkar svæði.

Næstu fundir sveitarstjórnar:

Næstu fundir sveitarstjórnar Flóahrepps verða 3. september og 17. september kl. 16:00 Þingborg.

Gámasvæði ÍGF:

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Athugið að sú breyting hefur orðið á þjónustu ÍGF að ekki er opið á laugardögum.

Sjá nánar hér: <https://gamafelagid.is/starfsstod/islenska-gamafelagid - sudurlandi/>

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hægt er að panta til sín gáma á eigin vegum með því að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Andri Þór Erlingsson og Ingibjörg Einarsdóttir sjá um húsvörslu í Félagslund og Þingborg.

Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist í síma 691-7082 eða á netfangið thingborg@gmail.com

Opnunartími skrifstofu:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdís bókari, launafulltrúi og umsjón með álagningakerfi og fasteignagjöldum: hafdis@floahreppur.is

- Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is
- Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags og byggingarmála og umsjón með tæmingu rotþróa (Seyruverkefnið):

UTU er staðsett á Laugarvatni. Almennt netfang: utu@utu.is
Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00. Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara. Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs:

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar. Sími: 480- 1180 Heimasíða: www.arnesthing.is
Vegna skólalþjónustu: skolathjonusta@arnesthing.is
Vegna velferðarþjónustu: velferd@arnesthing.is

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Hrossaræktarferð

Stjórn Hrossaræktarfélagsins er að skipuleggja hrossaræktarferðalag um Rangárþing sem ætlunin sé að verði farin þann 9. nóvember næstkomandi. Endilega takið daginn frá og við munum auglýsa ferðina frekar þegar nær dregur.

Vetrarstarfið

Vetrarstarf félagsins verður nokkuð í hefðbundnu formi. Aðalfundur, folaldasýning og uppskeruhátíð eru þessi hefðbundnu viðburði sem verða haldnir eftir áramót. Fólk er hvatt til að fylgjast með á heimasíðu eða þá á facebook til að vera inn í nýjustu fréttum af starfi félagsins. Við mun einnig að sjálfsgöðu reyna að koma sem flestu í þetta góða fréttabréf sem Áveitan er.

Heimasíðan okkar er

www.hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com

Ertu hestaeigandi, hrossaræktandi eða bara áhugamanneskja um hvorttveggja og góðan félagsskap. Ef þú býrð eða átt hross í Flóahreppi og langar til að vera með í þessu félagsskap, endilega kíktu þá á okkur á facebook eða á heimasíðuna og skráðu þig í félagið.

Stjórn HRFF

Fréttir frá Flóaskóla.

Skólasetning var í Flóaskóla 23. ágúst og hófst þar með 21. starfsár hans. Skólinn er því 20 ára á árinu og stefnt er að því að halda upp á tímamótin á skólaárinu. Skólastarf fer mjög vel af stað og við horfum með tilhlökkun til komandi vetrar.



Nemendur á elsta stigi fóru í haustferðir í liðinni viku. 9. og 10. bekkur fóru ferð í Þórsmörk og gistu þar eina nótt, en 8. bekkur tók þátt í ferð með öllum nemendum 8. bekkja í Uppsveitum Árnessýslu. Yngri nemendur skólans fara svo í sínar haustferðir fyrri hluta september.

Hið árlega Flóamót var haldið föstudaginn 30. ágúst. Mótið er samstarfsverkefni Ungmennafélagsins Þjótanda og



Flóaskóla. Þátttaka á mótinu var mjög góð og mótið í heild mjög vel heppnað.

Við erum að hefja að nýju samstarf við skólana í Uppsveitunum þar sem nemendur í 5.-10.bekk eru í sameiginlegum smiðjum fjórum sinnum yfir veturinn. Í þessu starfi býðst nemendum ýmiskonar fjölbreytt val sem ekki væri endilega hægt að mæta í fámennari nemendahópi. Auk þess gefst nemendum kostur á að kynnast og starfa með jafnöldrum úr nærliggjandi sveitum.

Á komandi skólaári höldum við áfram í Nordplus samstarfsverkefni með nemendum og kennurum úr Gudenåskolen í Danmörku. Um tuttugu manna hópur er væntanlegur til okkar 12. september og verður fyrirkomulag heimsóknarinnar með svipuðu sniði og á síðasta ári.

Eins og áður hefur komið fram hafa miklar framkvæmdir staðið yfir í skólanum og á lóð hans í sumar. Það hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með samstilltu átaki þeirra sem að þeim verkum hafa komið að skila öllu sem haganlegast af sér og vanda til allra verka í hvívetna. Það er dýrmætt fyrir okkur sem störfum í skólanum að finna fyrir slíkum metnaði og velvilja í garð skólans og þess starfs sem þar fer fram.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla,
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri



Vetrarstarf Umf Þjótanda 2024-2025



Nú eru Þjótandaæfingar að hefjast þennan veturinn. Æfingatímar verða þessir:

Æfingar fyrir **2.– 4. bekk** verða á föstudögum innan stundatöflu Flóaskóla, hefjast eftir hádegismat og eru til kl.13:45. Æfingarnar verða fyrst um sinn haldnar á íþróttasvæðinu við Flóaskóla en færast yfir í Þingborg þegar veður versnar. Þjálfari Örvar Rafn Hlíðdal.

Skráning fyrir veturinn þarf að berast fyrir fyrstu æfingu á netfangið orvar@floaskoli.is

Æfingar fyrir **5.–7. bekk** verða í Þingborg á þriðjudögum. Rúta keyrir frá Flóaskóla kl 13:40 og æfingunni líkur kl 15:30. Foreldrar sækja í Þingborg. Þjálfari Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir. Fyrsta æfing 3. september.

Skráning fyrir veturinn þarf að berast fyrir fyrstu æfingu á netfangið guðmunda@floaskoli.is svo hægt sé að skipuleggja akstur.

Æfingar fyrir **8.-10. bekk** verða í Þingborg á þriðjudögum frá 16:00-17:30. Þjálfari Guðmunda Bríet og Hanna Dóra Höskuldsdóttir. Foreldrar keyra og sækja. Fyrsta æfing 3. september.

Á Þjótandaæfingum verða stundaðar fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar í bland við leiki og frjálsar íþróttir. Foreldrar eru hvattir til að skiptast á um akstur til og frá æfingum.

Allar íþróttæfingar Umf. Þjótanda eru gjaldfrjálsar, en foreldrar eru hvattir til að greiða árgjald félagsins þegar það verður innheimt.

Frá Umf Þjótanda

Vel heppnað Unglingalandsmót

Nokkrar fjölskyldur úr Flóahreppi mættu á Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi um verslunarmannahelgina. Krakkarnir úr Þjótanda spreyttu sig í fjölmörgum íþróttagreinum yfir daginn og svo var boðið upp á metnaðarfulla skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna á kvöldin.

Dagskrá og skipulag mótsins var til fyrirmyndar og þrátt fyrir ansi blautt tjaldsvæði þá nutu krakkarnir sín afar vel við leik og keppni.

Næsta ungingalandsmót verður á Egilsstöðum að ári, vonandi halda Flóafjölskyldur áfram að mæta á þetta skemmtilega mót.



Kristján Reynisson og Viktor Logi Tello keppa í blaki á Unglingalandsmótinu.

Meistaramót Þjótanda í skák í nóvember

Meistaramót Þjótanda í skák verður haldið í nóvember. Keppt verður í opnum flokki og meistaraflokki.

Sigurvegari í meistaraflokki verður krýndur Þjótandameistari í skák 2024. Mótið verður nánar auglýst síðar en skákfólk getur byrjað að æfa sig.

Úrslit móta

Unglingalandsmót UMFÍ 2.- 4.ágúst 2024 Borgarnes

Baldur Ragnar Ragnarsson 12 ára

10.sæti	19,92m	Spjótkast	400 gr pb
2.sæti	7,78 m	Kúluvarp	3 kg pb

Kristján Reynisson 12 ára

23.sæti	10,77 sek	60 m hlaup	
11.sæti	2:12,00 mín	600 m	
11.sæti	1,12 m	Hástökk	
8.sæti	3,75 m	Langstökk	
22.sæti	11,79 m	Spjótkast	400 gr

Otto Ingi Annýjarson 12 ára

33.sæti	11,67 sek	60 m hlaup	
17-18.sæti	0,95 m	Hástökk	
21.sæti	2,95 m	Langstökk	

Viktor Loqi Tello 12 ára

21.sæti	2:29,54 mín	600 m pb	
24.sæti	2,77 m	Langstökk	

Guðbjörg Erla Annýjardóttir 12 ára

38.sæti	2,25 m	Langstökk	
---------	--------	-----------	--

Már Óskar Bjarnason 14 ára

7.sæti	15,13 sek	100 m hlaup pb.	
3.sæti	4,63 m	Langstökk	
10.sæti	6,67 m	Kúluvarp	3 kg

Helgi Reynisson 16 ára

2.sæti	1,64 m	Hástökk	
2.sæti	5,65 m	Langstökk	
4.sæti	33,50 m	Spjótkast	700 gr pb
6.sæti	24,87 m	Kringlukast	1,5 kg pb

Héraðsmót HSK 12. ágúst 2024

Helgi Reynisson

6.sæti	13,72 sek	100 m hlaup	
2.sæti	1,55 m	Hástökk	
1.sæti	3,10 m	Stangarstökk	
3.sæti	5,24 m	Langstökk	

Bikarkeppni FRÍ var haldið 17.ágúst á Kópavogsvelli. HSK átti lið í öllum flokkum. Voru tveir piltar úr Þjótanda valdir 15 ára og yngri liðið Það lið HSK endaði í 4.sæti í heildar stigakeppni en í 7.sæti í karlaflokki.

Kristján Reynisson keppti í 1500m hlaup á tíma 5:57,30 mín
Már Óskar Bjarnason keppti í 80m hlaup á tíma 11,70 sek og stökk 4,61 m í langstökki

Flóamót

Haldið 30. ágúst 2024 á íþróttavellinum við Flóaskóla

60 m hlaup

1. - 2. bekkur

Ernir Kristberg N. Jakobsson	12,1 sek
Einar Waltersson	12,2
Eyrún Ágústsdóttir	12,4
Inga Lilja Haraldsdóttir	12,5
Emmanúel Sveinn Víkingsson	13,1
Guttormur Ólafarson	13,6
Snæbjörn Örn Aitken Sævarsson	14,0
Ásgerður Bjarnadóttir	14,6



Grímur Jarl Jónsson	14,6
Fjóla Angéle Guðnadóttir	14,8
Birnir Þór Hlíðdal	15,0
Stefán Eðvald Guðmundsson	15,7
Vilborg Lára Brynjarsdóttir	17,3
Albert Jóhannesson Kovarik	18,9

3.– 4. bekkur

Héðinn Fannar Höskuldsson	10,4
Kolbeinn Sturluson Schacht	10,6
Kristján Þórarinn Andrason	10,7
Þorkell Ólafur Þórbergsson	10,8
Einar Hörður Haraldsson	10,9
Haraldur Ólafarson	11,0
Lilja Reynisdóttir	11,0
Ingibjörg Lára Rúnarsdóttir	11,2
Gísli Brynjar Ágústsson	11,3
Íris Harpa Kristinsdóttir	11,5
Ernir Rafn Eggertsson	11,8
Sölvi Þór Magnússon	12,0
Emilía Agnes Jóhannsdóttir	12,1



Sóley Lindsay Aitken Sævarsdóttir	12,2
Greta Sóley Ingvarsdóttir	12,6
Rakel Ýr Sigmarsdóttir	12,7
Brynhildur Katrín Franzdóttir	12,7
Lóa Noelle Guðnadóttir	13,0
Dalía Lórey Ketel	13,6
Ásdís Una Sigurðardóttir	16,6

5. - 6. bekkur

Arnar Alex Reynisson	9,8 sek
Valgerður Björk Hlíðdal	10,0
Marikó Árný Ketel	10,8
Ragnhildur Sara Andradóttir	11,0
Steinn Þorri Victorsson	11,1
Guðný Adéle Guðnadóttir	11,2
Ísold Marselía Bergþórsdóttir	11,2
Elín Dóra Þorsteinsdóttir	12,9

80 m hlaup

7. - 10. bekkur

Magnús Ögri Steindórsson	10,2 sek
Bjarki Rafn Reynisson	10,5
Guðni Bóas Davíðsson	11,7
Már Óskar Bjarnason	11,9
Gísli Svavar Sigurðsson	12,0
Jón Bragason	12,0
Axel Örn Aitken Sævarsson	12,2
Garðar Þór Jónsson	12,3
Freyr Sturluson Schacht	12,8
Styrkár Freyr Birgisson	12,9
Þorbjörn Sturluson Schacht	12,9
Björn Ingi Eiríksson	13,0
Kristján Reynisson	13,1
Eypór Bergmann Ingvarsson	13,2
Lilja María Axelsdóttir	13,2
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	13,3
Alexander Máni Axelsson	14,2
Ottó Ingi Annýjarson	14,8
Hróar Indriði Dagbjartsson	16,9

400 m hlaup

1. - 2. bekkur

Einar Waltersson	2,00 mín
Ernir Kristberg N. Jakobsson	2,01
Snæbjörn Örn Aitken Sævarsson	2,04
Birnir Rafn Hlíðdal	2,08
Guttormur Ólafarson	2,11
Eyrún Ágústsdóttir	2,13
Ásgerður Bjarnadóttir	2,14
Hermundur Karl Þorsteinsson	2,15
Fjóla Angéle Guðnadóttir	2,17
Grímur Jarl Jónsson	2,33
Vilborg Lára Brynjarsdóttir	2,55
Stefán Eðvald Guðmundsson	3,53

3. - 4. bekkur

Héðinn Fannar Höskuldsson	1,38 mín
Haraldur Ólafarson	1,42
Kristján Þórarinn Andrason	1,44
Gísli Brynjar Ágústsson	1,48
Lilja Reynisdóttir	1,52
Emilía Agnes Jóhannsdóttir	1,54
Íris Harpa Kristinsdóttir	1,59



Sóley Lindsay Aitken Sævarsdóttir	2,00
Rakel Ýr Sigmarsdóttir	2,00
Sölvi Þór Magnússon	2,10
Lóa Noelle Guðnadóttir	2,12
Greta Sóley Ingvarsdóttir	2,16
Dalía Lórey Ketel	2,18

5. - 7. bekkur

Kristján Reynisson	1,31 mín
Lilja María Axelsdóttir	1,32
Valgerður Björk Hlíðdal	1,33
Marikó Árný Ketel	1,39
Guðný Adéle Guðnadóttir	1,41
Nikulás Tumi Ragnarsson	1,45
Ragnildur Sara Andradóttir	1,46
Steinn Þorri Victorsson	1,47
Ísold Marselía Bergþórsdóttir	1,48

8. - 10. bekkur

Axel Örn Aitken Sævarsson	1,19 mín
Magnús Ögri Steindórsson	1,21



Bjarki Rafn Reynisson	1,22
Freyr Sturluson Schacht	1,25
Kári Einarsson	1,28
Porbjörn Sturluson Schacht	1,29
Kristófer Máni Andrason	1,30
Gísli Svavar Sigurðsson	1,33
Styrkár Freyr Birgisson	1,34
Már Óskar Bjarnason	1,26
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	1,41
Ísak Nökkvi Bergþórsson	1,43
Guðni Bóas Davíðsson	1,45
Garðar Þór Jónsson	1,47
Albert Hellsten Högnason	1,59
Ásta Björg Jónsdóttir	2,02

Langstökk

3. - 4. bekkur

Porkell Ólafur Þórbergsson 3,35 m



Héðinn Fannar Höskuldsson	3,32
Lilja Reynisdóttir	3,16
Haraldur Ólafarson	3,00
Kolbeinn Sturluson Schacht	2,98
Einar Hörður Haraldsson	2,93
Kristján Þórarinn Andrason	2,90
Sölvi Þór Magnússon	2,56
Ingibjörg Lára Rúnarsdóttir	2,55
Emir Rafn Eggertsson	2,45
Gísli Brynjar Ágústsson	2,37
Íris Harpa Kristinsdóttir	2,32
Dalía Lórey Ketel	2,21
Emilía Agnes Jóhannsdóttir	2,18
Brynhildur Katrín Franzdóttir	2,17
Sóley Lindsay Aitken Sævarsdóttir	2,09
Greta Sóley Ingvarsdóttir	2,08
Rakel Ýr Sigmarsdóttir	1,94
Lóa Noelle Guðnadóttir	1,76
Agnes Eva Dagbjartsdóttir	1,70
Ásdís Una Sigurðardóttir	1,50

5. - 7. bekkur

Kristján Reynisson	3,90 m
Valgerður Björk Hlíðdal	3,47
Lilja María Axelsdóttir	3,42
Steinn Þorri Victorsson	3,11
Ísold Marselía Bergþórsdóttir	3,07
Marikó Árný Ketel	3,06
Nikulás Tumi Ragnarsson	3,00
Guðný Adéle Guðnadóttir	2,77
Óskar Hansson	2,75
Matthilda Sigurðardóttir	2,67
Ragnhildur Sara Andradóttir	2,47
Elín Dóra Þorsteinsdóttir	2,37
Kristín María Sigurðardóttir	2,03

8. - 10. bekkur

Bjarki Rafn Reynisson	4,82 m
Magnús Ögri Steindórsson	4,72

Freyr Sturluson Schacht	4,33
Már Óskar Bjarnason	4,20
Eyþór Bergmann Ingvarsson	4,00
Garðar Þór Jónsson	3,86
Björn Ingi Eiríksson	3,86
Axel Örn Aitken Sævarsson	3,85
Gísli Svavar Sigurðsson	3,80
Þorbjörn Sturluson Schacht	3,60
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	3,45
Alexander Máni Axelsson	2,55
Hróar Indriði Dagbjartsson	2,24

Kúluvarp

5. - 7. bekkur

Baldur Ragnar Ragnarsson	8,68 m
Kristján Reynisson	8,64
Jón Bragason	8,51
Óskar Hansson	8,39
Nikulás Tumi Ragnarsson	8,20
Matthilda Sigurðardóttir	8,00
Páll Axel Axelsson	7,86
Kristín María Sigurðardóttir	7,09
Lilja María Axelsdóttir	6,62



Ásgerður Saga Stefánsdóttir	6,38
Steinn Þorri Victorsson	6,20
Magnús Búi Ágústsson	5,43
Valgerður Björk Hlíðdal	5,24
Ragnhildur Sara Andradóttir	4,43
Guðný Adéle Guðnadóttir	4,26

8. - 10. bekkur

Björgvin Guðni Sigurðsson	11,20 m
Magnús Ögri Steindórsson	10,40
Eyþór Bergmann Ingvarsson	10,08
Björn Ingi Eiríksson	9,93
Freyr Sturluson Schacht	9,40
Kári Einarsson	9,36
Már Óskar Bjarnason	8,67
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	8,54
Styrkár Freyr Birgisson	8,20
Sigríður Svanhvít Magnúsdóttir	8,12
Garðar Þór Jónsson	7,80
Ásta Björg Jónsdóttir	7,56
Albert Hellsten Högnason	7,48
Þórarinn Óskar Ingvarsson	6,90



Dósasöfnun 10. bekkjar

Halló, halló.

Við nemendur í 10. bekk í Flóaskóla erum að safna dósum fyrir útskriftarferð okkar til Danmerkur.

Við verðum á ferðinni um Flóahrepp 20.- 27. september n.k. og tökum glöð við þeim dósum og flöskum sem þið megi missa.

Sjáumst hress og takk fyrir stuðninginn.

Nemendur í 10. bekk í Flóaskóla



Dagskrá mánaðarins:

Íþróttæfing 5. - 7. bekkur	3. september
Íþróttæfing 8. - 10. bekkur	3. september
Fundur Sveitarstjórnar	3. september
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	6. september
Íþróttæfing 5. - 7. bekkur	10. september
Íþróttæfing 8. - 10. bekkur	10. september
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	13. september
Reykjaréttir	14. september
Íþróttæfing 5. - 7. bekkur	17. september
Íþróttæfing 8. - 10. bekkur	17. september
Fundur Sveitarstjórnar	17. september
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	20. september
Dósasöfnun 10. bekkjar	20. - 27. september
Íþróttæfing 5. - 7. bekkur	24. september
Íþróttæfing 8. - 10. bekkur	24. september
Íþróttæfing 2. - 4. bekkur	27. september
Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju	6. október
Hrossaræktarferð HRF	9. nóvember